



Mótttekið 1. sept.

Pingskjal nr. 11

Flytjandi stjórn Landssambands hestamannafélaga

Lagt fyrir _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2022, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Áhugamannamót Íslands.

Reglugerð um Áhugamannamót Íslands orðist svo:

Reglugerð um Áhugamannamót Íslands.

1. Ákvörðun um mótsstað og dagsetningu

Mótshaldarar geta sótt um að halda Áhugamannamót Íslands. Umsókn um mótið skal berast til skrifstofu LH. Stjórn LH tekur umsóknir til umfjöllunar og afgreiðslu.

2. Keppnisgreinar

Mótshaldara er frjálst að velja hvaða keppnisgreinar eru á mótinu, hvort sem er í íþrótt- eða gæðinga-keppni. Ekki skal keppa í meistaraflokki á Áhugamannamóti Íslands.

3. Þátttökuréttur

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki á WR mótum á síðastliðnum þremur keppnistímabilum (keppnistímabil miðast við almanaksárið).

Greinargerð

Áhugamannamót Íslands hefur verið haldið í nokkur ár og sl. tvö ár undir nokkuð þröngri reglugerð sem samþykkt var á landsþingi 2022, þar sem einungis hefur verið keppt í einum styrkleikaflokki á mótinu. Mótið verið haldið samhliða öðru móti þar sem aðrir flokkar eru í boði til þess að ná upp nægum þátttakendafjölda og mótið standi undir kostnaði við framkvæmd og hafa mótshaldarar kallað eftir því að geta haft fleiri flokka í boði á mótinu.

Með því að opna reglugerð um Áhugamannamót Íslands gefst mótshöldurum tækifæri á því að halda mótið undir nafni Áhugamannamóts Íslands og á þann hátt að gera viðburðinum eins hátt undir höfði og kostur er hverju sinni á sama tíma og reglugerð mótsins er eins lítið íþyngjandi og kostur er.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd mælir með að tillagan verði samþykkt.



Móttækið 1. sept.

Pingskjal nr. 12

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2022, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Áhugamannamót Íslands, 3. gr.

Greinin er:

3. Þátttökuréttur

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í íþróttakeppni á síðastliðnum 5 árum.

Greinin verður:

3. Þátttökuréttur

~~Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í íþróttakeppni á síðastliðnum 5 árum.~~

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í íþróttakeppni á síðastliðnum 2 árum, gildir fyrir íþróttakeppni.

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í gæðingakeppni á síðastliðnum 2 árum, gildir fyrir gæðingakeppni.

Árangur í íþróttakeppni hefur ekki áhrif á gæðingakeppnina og árangur í gæðingakeppni hefur ekki áhrif á íþróttakeppnina.

Undanþága

Einstaklingar mega hafa 2 tilraunir í meistaraflokk í íþróttakeppni og 2 tilraunir í meistaraflokk í gæðingakeppni.

Það keppnispar (knapi og hestur) sem prófar meistaraflokk eru ekki gjaldgeng á Áhugamannamót Íslands. En knapi má mæta með aðra hesta uppfylli hann áður nefnd skilyrði.

Greinargerð

Með þessu er verið að gefa knöpum tækifæri á að spreyta sig í sterkari keppnisgreinum með sinn besta keppnishest án þess að hamla viðkomandi knapa sem klárlega á heima í þessum styrkleikaflokki.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd gerir athugasemd við ákvæði í 2. mgr. þar sem kveðið er á um meistaraflokk í gæðingakeppni. Í reglum um gæðingakeppni er engin flokkaskipting í fullorðinsflokki.



Mótttekið 27. sept.

Pingskjal nr. 13

Flytjandi Hestamannafélagið Sleipnir

Lagt fyrir _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Áhugamannamót Íslands, 2. gr. mgr. 1.

Greinin er:

2. Keppnisgreinar

Á Áhugamannamóti Íslands skal keppt í einum styrkleikaflokki (opinn 1. flokkur).

Greinin verður:

2. Keppnisgreinar

Á Áhugamannamóti Íslands skal keppt í **1. og 2. flokki** ~~einum styrkleikaflokki (opinn 1. flokkur).~~

Greinargerð:

Áhugamannamótið hefur fest sér sess í keppnum sumarsins á meðal áhugamanna. Mikil óánægja ríkti með þá breytingu að 2.flokkur hafi verið tekinn út af mótinu. Stærstu keppnisflokkar okkar eru 1. Og 2.flokkur og eru margir sem ekki hafa tækifæri að keppa í deildarkeppnum vetrarins og einblína á þetta mót yfir sumartímann. Sérstaklega þar sem ekki er vettvangur fyrir þessa flokka að keppa á Íslandsmeistaramóti nema keppa þá í meistaraflokki sem ekki er á allra færi og hvað þá keppenda í 2.flokki.